



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarsamkomu á Djúpavogi
29. maí 2001

Góðir Austfirðingar

Sérstæð og heillandi náttúra hefur ætíð ásamt margbrotinni og merkri sögu gert heimsókn til Djúpavogs að ævintýri, jafnvel dulúðugri reynslu sem glóir í sjóði minninganna.

Klettarnir kallast á við byggðina, víkur og vogar gera samspil hafs og strandar að léttum leik, tignarleg fjöllin eru líkust virkisveggjum sem hátt rísa til himins. Búlandstindur nánast eins og helgur píramídi, heimkynni guðanna, eitt formfegursta fjall landsins, og hátt uppi er Goðaborg, kennileiti frá fornum tímum.

Það er ekki undarlegt að hingað hafi landnámsmenn einkum sótt áður en aðrir staðir urðu heimkynni þeirra, jafnvel kann svo að vera að einhverjir ferðalangar með rómverskan sjóð í pyngju hafi dvalið hér dágóða stund löngu áður en Ísland byggðist samkvæmt frásögnum í fornum bókum.

Hún er forvitnileg lýsingin sem Kristján Eldjárn, okkar ástsæli forseti og merki fræðimaður, setti saman um rómversku peningana sem fundust hér í nágrenni Djúpavogs. Hann nefnir fyrst koparpening frá tíð Árelíanusar keisara og síðan annan frá tímum Próbusar keisara en báðir ríktu þessir keisarar um 600 árum áður en Ingólfur Arnarson kom á þessar slóðir. Á fyrri peningnum segir Kristján „er mótuð vangamynd keisarans, frá hægri hlið; höfuð stafar geislum. Í skeifunni fyrir ofan stendur: IMP AVRELIANUS AVG. Á bakhliðinni er sólin geislandi í mannslíki, með upplyfta hægri hendi, en heldur á knetti í þeirri vinstri; fyrir fótum hennar situr fangi með bundnar hendur á bak aftur“. Á öðrum peningnum er samkvæmt frásögn Kristjáns „brjóstmynd keisarans; hann horfir til vinstri, með geislabaug og veldissprota“.

Kristján Eldjárn taldi ólíklegt að norrænir landnámsmenn hefðu haft ævagamla rómverska peninga með sér til Íslands og því bendi öll rök til þess að mannaferðir hafi verið hér um Djúpavoginn og nágrannasveitir löngu áður en norskir höfðingjar ákváðu að yfirgefa Harald konung og halda til landnáms í vestri.

Það er reyndar merkilegt að síðan skyldi það einmitt vera hér um slóðir sem fyrsti landnámsmaðurinn hafði vetursetu en í Landnámu er þess getið að þeir fóstbræður Ingólfur og Hjörleifur „bjuggu skip mikið, er þeir áttu, og fóru að leita lands þess, er Hrafna-Flóki hafði fundið og þá var Ísland kallað. Þeir fundu landið og voru í Austfjörðum í Álftafirði hinum syðri“ svo vitnað sé orðrétt í hinn gamla texta.

Hér eru því einstakir staðir í sögu Íslands og ekki má gleyma Papey sem er reyndar eins konar kennimark sagna um dvöl írskra munkna hér við strendur, tilbeiðslu þeirra á góðum guði sem var í senn tilgangur og innihald þeirra daglega lífs. Munkarnir voru komnir um langan veg til að geta verið einir með guði, tilbeið hann í hinni fögru umgjörð sem náttúra landsins skóp þá þegar og Djúpvogur líkt og nú heillandi og síbreytilegur eftir því hvort sól eða þoka lék um landið.

Það er því í raun þrí-heilagt hér á Djúpavogi hvað snertir upphaf Íslandsbyggðar – Rómverjar, papar og norrænir menn – og forvitnilegt að reyna að rýna í þær rúnir sem peningafundur, kennileiti og gamlir textar færa okkur. Það er því engin furða að Djúpvogur, Papey og sveitirnar í kring hafi verið Kristjáni Eldjárn, forseta og fornleifafraeðingi einkar kær enda dvaldi hann hér löngum við rannsóknir, glímdi við þær gátur sem hér eru lagðar, heillaður af leitinni að lausnarorðum sem gætu varpað nýju ljósi á upphaf byggðar í landi okkar. Það má með sanni segja að sérstök tengsl hafi verið milli Djúpavogs og Bessastaða því Kristján Eldjárn lét gátuna sem Papey geymir einnig fylgja sér í forsetatíð og hélt áfram að leiða hugann að rannsóknum á þeim merku minjum sem hér er að finna.

Við höfum svo sannarlega verið á það minnt í heimsókninni fyrr í dag hve mikla rækt þið leggið við að varðveita sögu byggðarlagsins og eru söfnin sjálf órækur vitnisburður um virðinguna fyrir liðnum tíma.

Hér á Djúpavogi hefur með varðveislu gamalla húsa og uppbyggingu safna verið unnið þjóðþrifaverk sem ber að þakka af heilum huga. Þið hafið í senn klætt sögu byggðarlagsins í heillandi búning fróðleiks og minja og gert merkum köflum í sögu Íslands einstæð skil.

Hér vaknar til lífsins sú verslunarsaga sem minnir á fátækt og erfiðleika á fyrri tímum, hin sterku tök sem erlendir kaupmenn höfðu á

íslenskum byggðum, hvernig bændur og fiskimenn drógu björg í bú og reyndu að knýja fram betri kjör í viðskiptunum.

Hún er fróðleg frásögn Nils Ohlson-Gadde hin sænska sem hér var á Djúpavogi sumarið 1857 en hann komst svo að orði:

„Fjöldi fólks dreif að á hverjum degi með langar lestir og var tjöldum slegið á ströndinni við Djúpavog. Bátar gengu stanslaust milli skipanna og lands, hlaðnir vörum og fólki. Þetta var næsta kynlegt að sjá og líktist, eins og það líka var, markaði á sjó.

Hér var líf og fjör. Öllum aðkomumönnum þarf auðvitað að veita brennivín og kaffi; óráðlegt væri fyrir kaupmennina að leggja niður þann sið. Í búðinni og utandyra er þröngt á þingi og mikið masað og glatt á hjalla.

Íslendingar eru geðgóðir að eðlisfari. Þeir eru málgefnir og hláturmildir, nægjusamir og skemmtilegir. Það að auki er tal þeirra skynsamlegt og í því kemur oft fram furðu mikil kunnátta í landafræði og sögu, sem er vinsælasta lestrarefni þeirra. Sín á milli eru þeir hjálpfúsir og flestir örlátir. Þeir ávarpa hver annan með blíðuorðum eins og „gæska“, „blessaður“, „elskan mín“ eða annað þvílíkt; hvort alltaf fylgir hugur máli skal ósagt látið“.

Þannig hljóðar frásögn hins erlenda gests en heimamenn tóku um síðir til sinna ráða og stofnuðu kaupfélagið skömmu eftir fyrra stríðið, vettvang samstöðu um framfarasókn og bættan hag íbúanna, framlag í sjálfstæðisbaráttu fátækrar þjóðar sem taldi betra að hafa í eigin hendi yfirráðin yfir atvinnulífi í dreifðum byggðum.

Það voru margir sem settu svip á þessa samvinnusögu og hér á Djúpavogi er veglega minnst hins merka framlags Eysteins Jónssonar sem ungur að árum var til forystu valinn og stóð í fylkingarbrjósti í nær hálfa öld. Æskuslóðir Eysteins hér eystra og safnið sem þið hafið helgað honum eru áminning til okkar sem nú lifum um það hve einstæð voru afrek þeirrar kynslóðar sem ólst upp í fátækum sjávarþorpum og sveitum landsins þegar Ísland var enn háð erlendu valdi og skilaði svo æviverki sem færði ættjörðina í fremstu röð meðal þjóða heims, þróaði atvinnulíf, menntakerfi og heilsugæslu sem skóp okkur velferð á við það sem best þekkest og veitti unga fólkinu tækifæri til að gera heiminn allan að sínum starfsvelli.

Safn Eysteins Jónssonar hér á Djúpavogi er því eins konar tákn fyrir mikla umbrotatíma og lífsstarf kynslóðar sem með samstöðu og framtaki færði Íslandi nýja tíma, merkisbera hugsjóna sem helgaðar voru viðgangi byggðar um landið allt.

Í rauninni skynjum við betur hér á Djúpavogi heldur en í iðandi hringiðu höfuðborgar hve einstæð þessi vegferð var. Og má einnig nefna bræðurna Ríkarð og Finn Jónssyni sem ólust upp á Strýtu og voru í framvarðarsveit þeirra sem færðu Íslendingum nýjan skilning á myndlistinni; Ríkarður myndhöggvari og útskurðarmeistari og Finnur listmálari, báðir afburðamenn á sínu sviði. Vafalaust hefur sú sínfónía lita og forms sem hér birtist okkur í náttúrunni verið þeim drjúgt veganesti, uppspretta áhrifa sem fylgdu þeim á langri ævi og mótuðu anda margra verka.

Við höfum í dag notið þess að ganga á ný á vit þessarar merku sögu og sjá þau undraverk sem náttúran geymir, geislasteina í Teigarhorni, gamla bæinn og Nönnusafn; eiga fróðlegar samræður við eldri borgara á Helgafelli, góða stund með nemendum og kennurum í grunnskólanum og einnig yngstu íbúunum í leikskólanum.

Það hefur löngum verið metnaðarmál hér á Djúpavogi að búa æskunni góða menntun og við kynntumst því fyrr í dag að vel er hér enn að verki staðið. Áhugi nemenda og alúð kennara komu skýrt fram í því sem okkur var sýnt og hollusta við heimabyggð setti svo sannarlega svip á samræðurnar.

Djúpivogur er í reynd ákjósanlegur uppeldisstaður, hér falla mannlíf og saga, fegurð landsins og fengsæl mið saman í farveg sem veitir sérhverri kynslóð næman skilning á þeirri arfleifð sem best hefur dugað Íslendingum. Hér veitist okkur víðtæk sýn á þá eðalkosti sem fólgnir eru í landsbyggðinni og hve margvísleg tækifærin eru sem hagnýta má til uppbyggingar ef hugkvæmni og einurð ráða för. Það er margslungin auðlegð sem hér er að finna og framganga ykkar við nýtingu hennar er fordæmi um hvað hægt er að gera.

Á tímum sem einkennast um of af efasemdum um þá framtíð sem búin er landsbyggðarfólki er hollt að koma hingað í heimsókn á Djúpavoginn og sjá hvað gert hefur verið til að skjóta mörgum stöðum undir hagsæld byggðarlagsins.

Sjósókn og fiskvinnsla hafa um aldir verið lífsbjörg fólksins og hér getur nú á að líta háþróaða tækni og hagnýtingu markaðsfæra víða um heim eins og við kynntumst vel í heimsókn okkar fyrr í dag og viðræðum við forystumenn og starfsfólk fyrirtækja. Þó margt megi sjálfsagt betur fara í skipulagi veiða og vinnslu og enn endist okkur Íslendingum efniviður í rökræður um þau efni, þá er ljóst að sjávarútvegur mun áfram verða burðarás í efnahag byggðarlaga og þjóðarbús. Það var fróðlegt að heyra hvernig þið hyggist styrkja stöðu ykkar í framtíðinni og nýta áfram þann gæðafisk sem hér kemur að landi svo að Djúpivogur verði áfram

traustur hlekkur í þeirri hagsældarkeðju sem sjávarútvegurinn hefur löngum skapað Íslendingum.

Um leið og þið byggið áfram á gömlum grunni, endurnýið hann og treystið jafnt og þétt, hefur það vakið aðdáun okkar að sjá hvernig þið skapið ný sóknarfæri með því að gefa sögu og minjum, gömlum húsum og lífshlaupi genginna kynslóða nýtt gildi, þróa söfn sem eru í senn fróðlegar heimildir um liðinn tíma og grundvöllur atvinnustarfsemi sem eykur fjölbreytnina sem hér er í boði. Menningin sem gamlir gripir bera með sér er ekki aðeins fjársjóður í sjálfu sér heldur einnig framlag til aukinnar hagsældar vegna vaxandi ferðamennsku og fróðleiksfýsni þeirra sem um landið fara.

Í þessum efnum á landsbyggðin mikinn auð og gaman er að sjá hve víða hafa á undanförunum árum verið þróuð byggðasöfn og unnið að endurbyggingu gamalla húsa, komið á fót sýningum og aflað fjölþættra heimilda, skrásett kennileiti og komið upp ábendingum um merka staði. Allt þetta stuðlar að því að gera heimsóknir gesta eftirminnilegri og eykur um leið stolt og samkennd heimamanna.

Í arfinum, sögu og menningu, fundu leiðtogar íslenskrar sjálfstæðisbaráttu veigamiklar röksemdir og hvatningu til dáða sem gerði þeim kleift að sækja fram til aukinna réttinda fyrir okkar þjóð. Á sama hátt getur landsbyggðin nú sótt sér nýjan þrótt með því að túlka og tjá sögu héraðanna á nýjan hátt.

Það hafið þið svo sannarlega gert hér á Djúpavogi og vil ég nota þetta tækifæri hér í kvöld til að færa ykkar einlægar þakkir íslenskrar þjóðar fyrir ykkar mikla starf á þessu sviði. Þær söguminjar sem þið hafið varðveitt og safnað eru ekki aðeins vitnisburður um merka sögu heimahéraðs heldur einnig einstæður þáttur í þróunarferli íslenskrar þjóðar frá fátækt og erlendri áþján til sjálfstæðis og bjargálna.

Ég vona að þið haldið áfram á þessari braut, að sú alúð og hollusta sem þið hafið sýnt kynslóðunum sem hér voru áður geri Djúpavog enn frekar í framtíðinni heillandi stað heim að sækja.

Margir telja að ferðaþjónusta verði helsti atvinnuvegur nýrrar aldar og þá einkum þær greinar hennar sem helgaðar eru náttúruperlum, sérstæðu landslagi, litadýrð víðáttunnar og veita um leið innsýn í lífnaðarhætti, lífsbaráttu, menningu og sögu þeirra sem helguðu héruðunum krafta sína. Á þann hátt verði heimsóknir til að veita hinum gestkomandi nýjan skilning og dýrmæta reynslu og stuðla um leið að fjölþættri atvinnusköpun í dreifðum byggðum landsins.

Hér á Djúpavogi gefast ekki aðeins tækifæri til að njóta einstæðrar náttúru og hugleiða þau miklu umbrot sem einkennt hafa íslenska sögu á nýliðnum öldum heldur er hér einnig ákjósanlegra en víða annars staðar að nema staðar og hugleiða áleitnar spurningar um upphaf Íslandsbyggðar.

Var það á þessum slóðum sem Ingólfur Arnarson og fóstbróðir hans Hjörleifur tóku að lokinni vetursetu ákvörðun um að koma aftur með ættmenn sína og gera Ísland að heimkynnum sínum?

Héldu þessar á litlum kænnum yfir úfið haf til að leita friðar og fegurðar sem samrýndist tilbeiðslu þeirra á guði almáttugum, skapað himins og jarðar og fundu hér eystra þann samhljóm í sköpunarverkinu sem gaf þeim trú og vissu um eilíft líf?

Voru það Rómverjar sem öldum áður komu hingað að ókunnugri strönd, báru í sjóði gjaldmiðil sem hélt heimsveldi saman og týndu honum síðan í austfirskri jörð?

Hve lengi var Ísland ónumin eyja? Hve lengi voru fuglar og fiskar lífsmarkið eina sem hér var að finna? Hve lengi gátu eldfjöll og hverir leikið sér að nýrri sköpun án þess að nokkur maður liti dýrðina augum?

Á vissan hátt er Djúpivogur eins konar Mekka þeirra sem leita svara við þessum spurnum, áningarstaður þar sem hugurinn opnast og við erum minnt á straumfall tímans, sagan og framrásin eiga sér hæðir sem eru aðrar og meiri en getur að líta í daglegu lífi.

Það er mikil gæfa að búa á slíkum stað og ég hef skynjað það sterklega í heimsókninni í dag að þið eruð staðráðin í að nýta til hlítar þá auðlegð sem ykkur er hér búin.

Ég þakka ykkur fyrir frábærar móttökur hvarvetna sem við höfum komið og óska Djúpavogi og ykkur öllum allra heilla í framtíðinni.